

Skólaráð Lækjarskóla

3. fundur haldinn 5. febrúar 2010 kl. 8:15.

Fundarmenn: Haraldur Haraldsson skólastjóri, Nanna Pétursdóttir foreldri, Elma Karen Sigþórsdóttir foreldri, Hafrún Dóra Júlíusdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Hrönn Arnardóttir kennari, Oddný Jóhannesdóttir fulltrúi starfsmanna, Pála Ögn Stefánsdóttir nemandi, Þóra Björg Garðarsdóttir nemandi og Birna Stefánsdóttir nemandi.

Haraldur spurði fundarmenn hvort þeir samþykktu það að fjórir fulltrúar nemenda sitji allra næstu fundi skólaráðs til að allir kjörnir fulltrúar kynnist starfsemi skólaráðs, en samkvæmt lögum eiga aðeins að vera tveir fulltrúar.

Skólaráð samþykkti erindið fyrir sitt leyti.

1. Bréf til fræðsluráðs vegna breytinga á skóladagatali 2009-2010.

Lagt var fram bréf til fræðsluráðs vegna breytinga á skóladagatali 2009-2010. Skólaráð samþykkti erindið fyrir sitt leyti.

Hafrún Dóra Júlíusdóttir sat hjá þar sem hún situr í fræðsluráði Hafnarfjarðar.

2. Bréf til fræðsluráðs vegna styrks fyrir ferðalag kórs Lækjarskóla á Norbusang 21.

Lagt var fram bréf sem senda á fræðsluráði þar sem fram kemur umsókn um styrk fyrir ferðalag kórs Lækjarskóla á Norbusang 21 í maí 2010. Erindið var tekið fyrir. Skólaráð samþykkti stuðning við erindið.

Hafrún Dóra Júlíusdóttir sat hjá þar sem hún situr í fræðsluráði Hafnarfjarðar.

3. Drög að skóladagatali 2010-2011 kynnt.

Drög að skólatali 2010-2011 voru lögð fyrir fundinn og þau yfirfarin. Ákveðið að taka það til nánari skoðunar á næsta fundi.

4. Kynning á starfsáætlun og símenntunaráætlun 2010-2011.

Starfsáætlun og símenntunaráætlun Lækjarskóla 2010-2011 voru lagðar fram til kynningar í skólaráði. Ákveðið að taka það til nánari skoðunar á næsta fundi.

5. Önnur mál.

Dagskrá Félagsmiðstöðvarinnar Vitans fyrir febrúar lögð fyrir.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 11. febrúar 2010 kl. 8:10.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 9:15.

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir